



Alþingi
Félags og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. maí 2008

Efni: Frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga yfir landamæri, 533. mál, EES- reglur, aðild starfsmanna að ákvörðunum.


Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál. SA þakkar Alþingi fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarp þetta felur í sér innleiðingu í íslenskan rétt á 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB.

Í 2. gr. frumvarpsins segir að markmið þess sé að tryggja áunninn rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi slíkra félaga. Er þetta í samræmi við formálsorða tilskipunarinnar þar sem tekið er fram að ef starfsmenn hafi þátttökurétt í einu af samrunafélögunum og ef landslög aðildarríkis þar sem félag sem verður til við samruna yfir landamæri er skráð kveður ekki á um sömu þátttöku, skuli setja reglur um þátttöku starfsmanna í félaginu sem verður til við samrunann. Í ljósi þessa telja Samtök atvinnulífsins að orða þurfi 1. gr. og 14. gr. frumvarpsins um gildissvið laganna mun skýrar en gert er, þannig að ekki fari milli mála að lögin gildi einungis í þeim tilvikum þar sem um er að ræða samruna félaga milli landamæra þar sem starfsmenn annars hvors félagsins hafi þá þegar áunnið sér rétt til þátttöku og aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi þess. Slíkt verður ekki lesið á auðveldan hátt af frumvarpinu, nema með samanburði við tilskipunina sjálfa og þá sérstaklega formálsorð hennar.

Í 5. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um myndun sérstakrar samninganefndar er mælt fyrir um að fulltrúar í samninganefndina skulu kosnir eða tilnefndir. Orðið „tilnefndir“ virðist hinsvegar hafa gleymst í 6. gr. frumvarpsins þar sem einungis kemur fram að fulltrúarnir skulu kosnir af trúnaðarmönnum stéttarfélaga. Hugsanlegt er að í samrunafélaginu sé einungis einn trúnaðarmaður stéttarfélags og því verður að gera ráð fyrir að viðkomandi geti tilnefnt aðila í samninganefndina sem í flestum tilvikum væri trúnaðarmaðurinn sjálfur.

Að öðru leyti hafa Samtök atvinnulífsins ekki athugasemdir við frumvarp þetta eins og það er nú úr garði gert.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins


Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi

Erindi nr. Þ 135/3136

komudagur 2.9.2008

Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. september 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, þskj. nr. 834 – 533. mál á 135. löggjafarþingi 2007-2008.

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) skiluðu bæði umsögnum um ofangreint frumvarp í maí s.l. og gerðu ekki miklar athugasemdir við frumvarpið. Samtökin hafa nú haft ráðrúm til að fara ítarlega yfir frumvarpið með tilliti til hagsmuna aðildarfélaga samtakanna og viðskiptamanna þeirra. Að betur athuguðu máli telja samtökin ríka ástæðu til að gera frekari athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða í íslensk lög ákvæði 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og Evrópuráðsins nr. 2005/56/EB um aðild starfsmanna (e. *employee participation*) við millilandasamruna félaga með takmarkaðri ábyrgð (e. *cross-border mergers of limited liability companies*). Umsögn samtakanna fer hér á eftir.

Með lögum nr. 54/2007 voru ákvæði áður nefndrar tilskipunar tekin í íslensk lög, að undanskilinni nefndri 16. gr. Var það gert með því að breyta lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Með frumvarpinu er stefnt að setningu laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri. Ekki er þó gert ráð fyrir því að breyta reglum laga um hlutafélög og einkahlutafélög, eins og gert var varðandi önnur ákvæði tilskipunarinnar, heldur er gert ráð fyrir því að sett verði sérstök lög í þessu sambandi. Samtök fjármálafyrirtækja lýsa yfir efasemdum um þá aðferðarfræði, en að mati samtakanna hefði verið skilvirkara og skýrara að innleiða 16. gr. tilskipunarinnar með sama hætti og önnur ákvæði hennar, þ.e. með breytingum á íslenskum lögum um félög með takmarkaðri ábyrgð, í stað þess að setja sérstök lög af þessu tilefni.

Samtökin vekja einnig athygli á því að fleiri félög fylla hóp félaga með takmarkaðri ábyrgð samkvæmt íslenskum rétti en hlutafélög og einkahlutafélög, þ.m.t. samvinnufélög, sbr. lög nr. 22/1991 um samvinnufélög. Önnur félög bera einkenni þess að ábyrgð sumra félagsmanna er takmörkuð, á meðan ábyrgð annarra er ótakmörkuð, eins og samlagsfélög og samlagshlutafélög. Samkvæmt athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins ná ákvæði þess til hlutafélaga, einkahlutafélaga og samlagshlutafélaga, en ekki til samvinnufélaga eða samlagsfélaga. Að mati samtakanna hefði mátt færa nánari rök fyrir því í greinargerð með frumvarpinu, hvers



vegna ákvæði þess ná til þeirra þriggja félaganna sem að framan eru nefnd, en ekki til samvinnufélaga og samlagsfélaga.

Samtökin telja almennt séð að inntak frumvarpsins sé ekki nægilega skýrt, mörg ákvæði þess eru torskilin, þær reglur sem settar eru fram eru óskýrar og fyrirséð að erfitt muni reynast að vinna eftir þeim. Innra ósamræmi er einnig á milli einstakra ákvæða frumvarpsins, sum ákvæði þess eru viðtækari en efni standa til, sbr. t.d. 4. gr. þess, og jafnvel í mótsögn við önnur ákvæði frumvarpsins, sbr. 1. og 4. gr., auk þess sem færa má fyrir því rök að efni frumvarpsins sé ekki nægilega viðtækt til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Skilgreining hugtaka er ónákvæm og ruglingsleg og ekki í samræmi við hugtakanotkun í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, en reglur þeirra laga gilda um millilandasamruna eins og áður segir. Bagalegt er að hugtakanotkun sé ekki sambærileg við innleiðingu 16. gr. tilskipunarinnar og innleiðingu annarra hluta hennar.

Notkun á hugtökunum *þáttökufélag* og *samrunafélag* er ruglingsleg samkvæmt frumvarpinu og ekki í samræmi við notkun hugtaka samkvæmt lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Hugtakið *þáttökufélag* er í 11. tölulið 3. gr. frumvarpsins skilgreint sem „félag með takmarkaðri ábyrgð sem á beinan þátt í að stofna samrunafélag“. Í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög eru félög sem aðild eiga að samruna nefnd samrunafélög, sbr. t.a.m. upphafsorð 120. gr. laga nr. 2/1995 og 95. gr. laga nr. 138/1994. Félag sem tekur yfir annað félag er nefnt yfirtökufélag, sbr. t.a.m. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 2/1995 og 2. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994, en það félag eða þau félög sem tekin eru yfir eru nefnd yfirtekna félagið eða yfirteknu félagin, sbr. t.a.m. 1. mgr. sömu greina.

Hugtakið *samrunafélag* er ekki skilgreint í frumvarpinu, eins og ástæða hefði verið til, en sem fyrr segir tekur það hugtak til félags sem aðild á að samruna samkvæmt lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Samkvæmt texta frumvarpsins virðist þetta hugtak hafa aðra merkingu samkvæmt frumvarpinu, þar sem hugtakið vísar til *félags sem verður til við samruna tveggja eða fleiri þáttökufélaga yfir landamæri*. Hugtakið *þáttökufélag* virðist hins vegar í flestum tilvikum hafa sömu merkingu samkvæmt frumvarpinu og samrunafélag samkvæmt lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, sbr. áður tilvitnaðan 11. tölulið 3. gr. frumvarpsins.

Undantekning frá þessu er skilgreining 6. töluliðs 3. gr. frumvarpsins, þar sem millilandasamruni er skilgreindur sem „samruni þar sem *samrunafélög* lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, ...“. Sýnist hér átt við félög sem aðild eiga að samruna, tvö eða fleiri, sbr. skilgreiningu á *þáttökufélagi* í 11. tölulið 3. gr. frumvarpsins, en ekki félag sem stofnað verður við samruna yfir landamæri. Hér er um innra misræmi að ræða, sem nauðsynlegt er að ráða bót á.

Hugtakið *samrunafélag* er auk þess bæði notað í eintölu og fleirtölu í frumvarpinu og með eða án ákveðins greinis, sem er til þess fallið að valda ruglingi, sbr. t.d. orðin „*félaga sem verða til við samruna*“ í 1. mgr. 2. gr., sem vísar til þess að samrunafélög



geti verið fleiri en eitt, notkun á orðinu „*samrunafélag*“ í 11. tölulið 3. gr., orðinu „*samrunafélagsins*“ í 10. tölulið sömu greinar og 12. gr., sem bendir til þess að samrunafélagið sé eitt, svo og notkun á orðinu „*samrunafélög*“ í áður tilvitnuðum 6. tölulið 3. gr. frumvarpsins. Sé það hugsun frumvarpshöfunda að samrunafélög geti verið fleiri en eitt, eins og skilja má af sumum ákvæðum frumvarpsins, er ástæða til að skilgreina nánar greinarmuninn á þáttökufélögum og samrunafélögum.

Samkvæmt 1. mgr. 119. gr. laga nr. 2/1995 og 1. mgr. 94. gr. laga nr. 138/1994 getur samruni í skilningi félagaréttar verið tvenns konar, (a) samruni þar sem hlutafélag eða einkahlutafélag er algerlega sameinað öðru félagi, án skuldaskila, með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) eða (b) þegar tvö eða fleiri félög renna saman í nýtt félag (samruni með stofnun nýs félags). Af ákvæðum frumvarpsins er ekki ljóst hvort frumvarpinu er ætlað að taka til beggja tegunda samruna, eða einungis til samruna með stofnun nýs félags. Orðalag frumvarpsins bendir til að ákvæði þess taki einungis til samruna með stofnun nýs félags, en ekki til samruna með yfirtöku. Má í því sambandi vitna til orðanna „*stofnun slíks samrunafélags*“ í 1. gr. frumvarpsins, orðanna „*féлага sem verða til við samruna*“ í 2. gr., orðanna „*myndun þess [samrunafélagsins]*“ í 5. tölulið 3. gr., orðanna „*áætlun um stofnun samrunafélags samkvæmt lögum þessum*“ í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins o.s.frv.

Þetta þarf að skýra nánar, en orðalag frumvarpsins bendir til að efni og gildissvið frumvarpsins sé að þessu leyti skilgreint of þröngt, þ.e. ef það er réttur skilningur að ákvæði frumvarpsins taki einungis til hluta samruna yfir landamæri, á meðan annars konar samrunar falla utan gildissviðs frumvarpsins. Ástæða er til að efast um að slík tilhögun samrýmist ákvæðum tilskipunar nr. 2005/56/EB.

Athugasemdir samtakanna við einstakar greinar frumvarpsins eru annars svohljóðandi:

1. gr.

Hugtakið millilandasamruni er skilgreint í 6. tölulið 3. gr. frumvarpsins með áþekktum hætti og samkvæmt 133. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 107. gr. b. laga nr. 138/1995 um einkahlutafélög. Hugtakið samruni er hins vegar ekki skilgreint nánar í frumvarpinu, en lagalegt inntak hugtaksins samruni er mismunandi í íslenskum rétti eftir réttarsviðum. Merking þessa hugtaks er til að mynda önnur í samkeppnisrétti, sbr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, og í löggjöf um fjármálafyrirtæki, sbr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, sbr. t.d. 1. mgr. 119. gr. laga nr. 2/1995 og 1. mgr. 94. gr. laga nr. 138/1994.

Í ljósi þess að ákvæði 16. gr. tilskipunarinnar verður innleitt með sérlögum, í stað breytinga á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, hefði verið ástæða til að geta þess sérstaklega, að miða skuli við félagaréttarlega skilgreiningu á samruna, sbr. ákvæði laga um hlutafélög og einkahlutafélög, en ekki skilgreiningu annarra laga. Slíkt væri hins vegar óþarft ef sú leið yrði valin að breyta lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, í stað þess að setja sérstök lög í þessu sambandi. Að öðru leyti er vitnað til almennt athugasemda hér að framan, m.a. varðandi tvær tegundir samruna



samkvæmt lögum um hlutafélög og einkahlutafélög og athugasemda við 4. gr. frumvarpsins hér á eftir.

2. gr.

Samkvæmt þessari grein er markmið frumvarpsins að tryggja áunninn rétt starfsmanna *félaga sem verða til* við samruna yfir landamæri (millilandasamruna) til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi slíkra félaga. Ekki er skilgreint nánar hvað átt er við með áunnum réttindum í þessu sambandi, en ástæða hefði verið til að skýra það nánar, að minnsta kosti í athugasemdum við greinina. Réttindi starfsmanna félaga eru mjög mismunandi eftir löndum, en íslensk lög hafa ekki að geyma ákvæði um aðild eða þátttöku starfsmanna í stjórnun eða við samruna félaga. Að áliti Samtaka fjármálafyrirtækja þarf jafnframt að skýra nánar ákvæði frumvarpsins um réttaráhrif þess ef ekki næst samkomulag um verndun þeirra réttinda sem starfsmenn í þáttökufélögum samruna njóta er samrunaferli hefst.

3. gr.

2. töluliður: Vakin er athygli á því að hugtakið dótturfélag er skilgreint með öðrum hætti í þessari grein en í 2. gr. laga nr. 2/1995 og 2. gr. laga nr. 138/1994, sem er óheppilegt að mati samtakanna, þar sem beita skal reglum hlutafélagalaganna og einkahlutafélagalaganna um millilandasamruna að öðru leyti.

4. töluliður: Hlutverk og skipun fulltrúanefndar er óljós samkvæmt frumvarpinu og óvissa ríkir um skil þeirrar nefndar og hinnar sérstöku samninganefndar samkvæmt II. kafla frumvarpsins.

7. töluliður: Skilgreining á hugtakinu samráð er óskilrík, auk þess sem það leiðir af eðli máls að einungis hluti skoðanaskipta getur fallið undir þetta hugtak en ekki öll skoðanaskipti. Þá er gerð athugasemd við notkun orðanna "*þar til bærrar stofnunar viðkomandi samrunafélags*". Eðlilegra hefði verið að nota sama orðtak og notað er í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög þar sem stjórnarstofnanir hlutafélaga og einkahlutafélaga eru alla jafna þrjár, framkvæmdastjóri, félagsstjórn og hluthafafundur.

8. og 9. töluliður: Sjá athugasemdir við 7. tölulið.

Að öðru leyti er vitnað til almennra athugasemda hér að framan.

4. gr.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins er óskýrt og virðist í andstöðu við 1. gr. frumvarpsins, þar sem í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er vitnað til annarra úrræða en samruna, á meðan gildissvið frumvarpsins er samkvæmt 1. gr. þess takmarkað við samruna félaga. Óljóst er hvað átt er við með „*áætlun um samruna eða myndun eignarhaldsfélags*“ og „*áætlun um að mynda dótturfélag eða umbreyta skráðu félagi í félag samkvæmt lögum þessum*“. Myndun eignarhaldsfélags og stofnun dótturfélags teljast ekki samruni í skilningi félagaréttar og virðast ekki heldur falla undir gildissvið frumvarpsins samkvæmt 1. gr. Enn óljósara er hvað átt er við með því að umbreyta skráðu félagi í félag samkvæmt lögum þessum. Ef þessi tilvísun á við samrunafélag,



sem stofnað er sérstaklega með samruna til að taka við skyldum tveggja eða fleiri félaga sem lúta lögsögu tveggja eða fleiri EES landa, þá virðist þessi tilvísun óþörf þar sem annað orðalag greinarinnar myndi ná til þess tilviks. Eðlilegt er í þessu sambandi að samræma hugtakanotkun samkvæmt frumvarpinu og lögum um hlutafélög og einkahlutafélög.

Í 2. mgr. 4. gr. eru skyldur lagðar á framkvæmdastjórnir þáttökufélaga, en slíkar stjórnir eiga sér ekki stöð í reglum félagaréttar hér á landi, þar sem stjórnarstofnanir hlutafélags og einkahlutafélags eru almennt þrjár, eins og áður segir, framkvæmdastjóri, félagsstjórn og hluthafafundur. Framkvæmdastjórn er hins vegar ekki viðurkennd stjórnarstofnun félags samkvæmt gildandi rétti á Íslandi, ólíkt því sem gildir í sumum öðrum löndum.

5. og 6. gr.

Eins og ákvæði þessi eru orðuð eiga starfsmenn allra þáttökufélaga við samruna rétt á fulltrúa í hinni sérstöku samninganefnd, sem mynduð er vegna millilandasamruna. Er það í sjálfu sér eðlilegt þegar samruni á sér stað við stofnun nýs félags, sem tekur yfir réttindi og skyldur yfirtekinnna félaga, í skilningi hlutafélagalöggjafarinnar, og þau félög, yfirteknu félögin, eru lögð niður við það tækifæri. Öðru máli gegnir hins vegar þegar um samruna er að ræða þar sem eitt félag tekur yfir annað eða önnur félög með samruna, þar sem yfirtökufélagið heldur áfram að vera til eftir samrunann, en yfirtekna félagið eða félögin eru lögð niður. Virðist þá nægilegt, a.m.k. við fyrstu sýn, að fulltrúar þeirra starfsmanna, sem starfa hjá þeim félögum sem tekin eru yfir og lögð niður, eigi fulltrúa í nefndinni, en óþarft sé að fulltrúar starfsmanna yfirtökufélagsins eigi þar jafnframt fulltrúa, þar sem samruninn hefur ekki bein áhrif á stöðu þeirra.

7. gr.

Vitnað er til athugasemda hér að framan, þ.m.t. varðandi tilvísun til "*þar til bærra stofnana þáttökufélaganna*".

8. gr.

Þrátt fyrir skýringar greinarinnar er óljóst hvað átt er við með því að þáttökuréttur minnki.

9. gr.

Ekki eru að svo stöddu gerðar athugasemdir við þetta ákvæði.

10. gr.

Ákvæði þetta er óljóst og ástæða hefði verið til að skýra það nánar í athugasemdum með frumvarpinu.

11.-13. gr.

Ekki eru að svo stöddu gerðar sérstakar athugasemdir við þessi ákvæði, en vitnað er til almennra athugasemda hér að framan.

III. kafli



Heiti þessa kafla er ekki heppilegt, þar sem ákvæði hans fela í eðli sínu í sér leiðir til úrlausnar við þær aðstæður sem kveðið er á um í ákvæðunum, en ákvæðin eru ekki til vara.

14. gr.

Gildissvið kaflans er óljóst, þar sem ekki liggur fyrir hvað átt er við með skráningardegi eða samrunafélögum í skilningi greinarinnar, sbr. athugasemdir hér að framan. Ýmiss önnur ákvæði greinarinnar eru einnig óljós.

15. gr.

Ákvæði 15. gr. er í mótsögn við ákvæði laga um hlutafélög og einkahlutafélög um skipun stjórnar, en ekki er gert ráð fyrir því í þeim lögum að starfsmenn geti átt sjálfstæðan rétt til að velja stjórnarmenn í hlutafélögum eða einkahlutafélögum. Sé það ætlun löggjafans að taka upp ákvæði um að starfsmenn félaga geti við tiltekna aðstæður átt rétt á setu í stjórn félags, t.d. í kjölfar millilandasamruna, er rétt að setja um það reglur í lögum hlutafélög og einkahlutafélög. Umrætt ákvæði 15. gr. nærir ekki í þessu sambandi, enda er það ekki samþýðanlegt ákvæðum laga um hlutafélög og einkahlutafélög eins og áður segir.

16. gr.

Ekki eru að svo stöddu gerðar sérstakar athugasemdir við þetta ákvæði, en vitnað er til almennra athugasemda hér að framan.

17. gr.

Eftirlitsstjórn á sér ekki stöð í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, þar sem félagsstjórn fer með eftirlitsvald yfir framkvæmdatjóra og hluthafafundur með eftirlitsvald yfir félagsstjórn.

18. gr.

Ákvæði þetta er of takmarkandi fyrir þáttökufélög við samruna og of óljóst, þar sem vernd gegn uppsögn er til að mynda ótímabundin, sem ekki getur verið tilgangur löggjafans.

19. gr.

Vitnað er til almennra athugasemda hér að framan, en ákvæðið fullnægir ekki meginreglu refsiréttar um skýrleika refsheimildar, að teknu tilliti til þeirra ákvæða sem vísað er til í greininni, sem er forsenda fyrir beitingu greinarinnar sem refsheimildar.

20. gr.

Vandséð er hvernig stéttarfélög geti átt beinna hagsmuna að gæta í þessu samhengi og er óvíst að aðild slíkra félaga að dómsmáli af þessu tagi samrýmist ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

21.-24. gr.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Ekki eru að svo stöddu gerðar sérstakar athugasemdir við þessi ákvæði, en vitnað er til almennra athugasemda hér að framan.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið nefnt leggjast SA og SFF gegn því að frumvarp þetta verði óbreytt að lögum. Lögfesting þess mun að mati samtakanna leiða af sér mikla réttaróvissu og hætta er á að félög muni sniðganga reglur frumvarpsins, verði það að lögum, með því að velja aðrar leiðir við yfirtöku erlendra félaga og uppbyggingu félagasamstæðna. Lögfesting frumvarpsins myndi þannig vinna gegn því markmiði, sem að var stefnt með innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og Evrópuráðsins nr. 2005/56/EB við gildistöku laga nr. 54/2007, að auka sveigjanleika íslenskra fyrirtækja sem starfa á Evrópugrundvelli, með því að skýra reglur um málsmeðferð við millilandasamruna.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2709
komudagur 14.5.2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 13. maí 2008

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri (533. mál).

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á stjórnýslulögum (stjórnýsluviðurlög). Samtökin gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 135/2815
komudagur 19.5.2008

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 19. ^{maí}apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri (533. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lögð er til innleiðing á 16. gr. tilskipun ESB nr. 2005/56 um samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.

Álitamál er varða aðkomu starfsmanna að starfsemi félaga sem ætla sér að sameinast yfir landamæri leiddu til umtalsverðra tafa á innleiðingu tilskipunarinnar um milliríkjasamruna. Tiltekin aðildarríki óttuðust annars vegar að félög myndu nýta sér milliríkjasamruna til þess að komast undan reglum þeirra um þátttöku starfsmanna í stjórnnum félaga og hins vegar að slík kerfi, er fælu í sér mun strangari reglur, yrðu flutt til aðildarríkjanna með samrunum.

Að mati Efnahags- og félagsmálanefndar ESB þá er meginmunur þeirrar útgáfu tilskipunarinnar sem á endanum var samþykkt og eldri útgáfa umrætt ákvæði 16. gr. tilskipunarinnar. Það ákvæði kveður einmitt á um tilhögun þátttöku starfsmanna í samrunafélaginu og var ákvæðinu því ætlað að slá á áhyggjur umræddra aðildarríkja. Kjarna ákvæðisins má finna í tillögu Framkvæmdastjórnarinnar að tilskipuninni:

„Article 14 (nú 16. gr.) is relevant only in a situation where one of the merging companies has a participation regime, be it compulsory or voluntary, and the law of the Member State where the company created by merger is to be incorporated does not impose compulsory employee participation. In all other cases, the national law applicable to the company created by merger determines the rules on employees' involvement.“

Samkvæmt þessu kemur ákvæðið aðeins til greina þegar eitthvað af samrunafélögunum er með þátttökukerfi, hvort sem það er valkvætt eða skyldubundið, og landsréttur þess aðildarríkis þar sem hið sameinaða félag mun vera staðsett kveður ekki á um slíkt kerfi. Ákvæði 16. gr. felur samkvæmt þessu í sér „fyrir og eftir“ meginregluna, þ.e. að þátttökuréttur fyrir samruna sé grundvöllur þess réttar sem verður til staðar eftir samruna.

Það er mat undirritaðs að vernd þátttökuréttinda starfsmanna skv. tilskipuninni sé afar umfangsmikil enda leiðir af 16. gr. að það þátttökuréttindakerfi sem er hliðhollast starfsmönnum verður viðhaft um samrunafélagið. Þannig getur samninganefnd starfsmanna hafnað samningaumleitunum eða bundið enda á þær á hvaða tímapunkti sem er og þá skal fara um aðild starfsmanna skv. almennu reglunum, en þar er m.v. að aldrei skuli ganga skemur en það sem best gerist hjá einhverju samrunafélaginu. Vegna þessa hafa tilteknir fræðimenn talið að ákvæðið feli *prima facie* í sér hindrun á stofnsetningarrétti félaga, sem verndaður er af

Rómarsáttmálanum sem og EES-samningnum. Það á sérstaklega við ef viðkomandi iandslög leggja almennt bann við skráningu hins sameinaða félags ef álitamál er þáttökuréttindi eru ekki til lykta leidd. Evrópudómstóllinn hefur ekki tekið efnislega afstöðu til ákvæðisins en í Sevic málinu, sem er ástæðan að baki tilskipuninni, kvað dómstóllinn á um að hagsmunir starfsmanna gætu við ákveðnar kringumstæður og að uppfylltum tilteknum skilyrðum réttlætt hindrun á stofnsetningarréttinum, svo lengi sem ákvæðin myndu henta til að ná markmiðum sínum og gengu ekki lengra en þyrfti til að ná þeim markmiðum (skynsemisreglan).

Að mati undirritaðs er ekki ljóst hvort að 16. gr. tilskipunarinnar uppfylli skilyrði skynsemisreglunnar. Fyrir það fyrsta þá þarf landsréttarreglan að vera sett til höfuðs almennum hagsmunum. Evrópudómstóllinn taldi upp fjögur atriði í Cassis málinu sem falla hér undir, þ.e. skilvirkni fjármálaeftirlits, vernd almannaheilsu, sanngjarnir viðskiptahættir og neytendavernd. Þessi upptalning var hins vegar ekki tæmandi. Frá Cassis málinu hefur dómstóllinn viðurkennt að önnur atriði falli undir hugtakið almennir hagsmunir, t.d. hindrun ósanngjarnar samkeppni, umhverfisvernd, efling starfsskilyrða starfsmanna, öryggi vara, efling menningar og vernd menningararfleifðar. Undirritaður telur hagsmuni starfsmanna af þátttöku í stjórnnum félaga tæpast til almennra hagsmuna sem réttlæta hindrun á stofnsetningarréttinum, enda aðeins um að ræða þröngt afmarkaða hagsmuni tiltekins hóps. Þar að auki er búið að samræma réttindi starfsmanna við samruna að öðru leyti, t.a.m. með tilskipun 2001/23/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar og tilskipun 2002/14/EB um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins.

Þar til Evrópudómstóllinn eða EFTA dómstóllinn hafa úrskurðað um álitamál þetta er ljóst að öll löggjöf sem miðar að innleiðingu ákvæðis 16. gr. tilskipunarinnar verður að taka mið af tilvist þess og þannig verður löggjafinn að búa svo um hnútana að hér verði ekki í lög leidd sér íslensk ákvæði er gætu stangast á við stofnsetningarréttinn.

Að mati Viðskiptaráðs er afar óljóst hvort frumvarpið feli í sér umræddan kjarna tilskipunarinnar, þ.e. vernd áunninna réttinda, þrátt fyrir að það sé nefnt í 2. gr. þess. Eins og að framan segir þá felur 16. gr. í sér „fyrir og eftir“ meginregluna og því þarf frumvarp þetta að bera skýrlega með sér að ef þáttökuréttindi starfsmanna eru engin í viðkomandi samrunafélögum þá sé þess ekki krafist að hið sameinaða félagi setji slíkar reglur eða fari eftir reglum frumvarpsins að öðru leyti. Inngangur að greinargerð frumvarpsins ber reglu þessa með sér, en hún þyrfti að koma fram í lagatextanum sjálfum. Því telur Viðskiptaráð að kveða þurfi skýrlega á um framangreint í 1. sem og 14. gr. frumvarpsins. Slík breyting er afar mikilvæg í ljósi ofangreindrar óvissu um áhrif 16. gr. á stofnsetningarrétt félaga.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs